

# **VINNUSKÓLAR SVEITARFÉLAGA**

## **LEIÐBEINANDI VIÐMIÐUNARREGLUR**

**Febrúar 2012**

## EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	3
Almennt .....	3
Inntak starfa .....	4
Áhættumat og forvarnir .....	4
Upplýsingaskylda .....	4
Leiðbeinendur – flokkstjórar .....	5
Fræðsla og tómstundir .....	5
Vinnutími .....	6
Launakjör og önnur tengd atriði.....	7
Áhugavert efni – möguleg fylgiskjöl: .....	9

## Inngangur

Markmið vinnuskóla er að gefa börnum kost á samspili vinnu, þjálfunar og fræðslu í sumarleyfi sínu.

Í samræmi við bókun sem gengið var frá við kjarasamningsgerð sveitarfélaga og almennra stéttarfélaga og bæjarstarfsmannafélaga sumarið 2011 hafa verið teknar saman eftirfarandi leiðbeinandi viðmiðunarreglur fyrir vinnuskóla sveitarfélaga. Bókunin hljóðaði svo:

*„Samningsaðilar eru sammála um að kanna fyrirkomulag vinnuskóla hjá sveitarfélögum en það er með nokkuð misjöfnum hætti, enda aðstæður ólíkar milli landssvæða og sveitarfélaga. Samningsaðilar setja niður leiðbeinandi viðmiðunarreglur varðandi skipulag vinnu, þjálfunar, fræðslu og laun barna og ungmenna í vinnuskóla (vinnuskólanemenda). (Sbr. bókun 5 frá 2009). Þeirri vinnu skal lokið fyrir 1. janúar 2012.“*

## Almennt

Flest sveitarfélög starfrækja vinnuskóla á sumarleyfistíma skóla fyrir ungmenni sem þar búa en hann telst ekki til lögbundinna verkefna sveitarfélaga. Vinnuskólarnir standa jafnan þremur árgöngum til boða, þ.e. þeim sem nýlokið hafa 8., 9. og 10. bekk grunnskóla (13-14 ára, 14-15 ára og 15-16 ára).

Við starfrækslu vinnuskóla þarf sérstaklega að gæta að þeim lögum og reglum sem gilda um vinnu barna og unglinga, þ.e. X. kafla laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnuverndarlaga) nr. 46/1980 og reglugerðar um vinnu barna og unglinga nr. 426/1999.

Í reglugerðinni er sérstakur kafli um vinnuskóla sveitarfélaga, þ.e. VI. kafli sem hefur yfirskriftinna: Störf ungmenna 13 ára og eldri í vinnuskólum sveitarfélaga. Í kaflanum er að finna eina grein sem hljóðar:

26. gr.

*Heimilt er að ráða ungmenni 13 ára eða eldri til léttara starfa á sumarleyfistíma skóla þegar vinnan er hluti af fræðilegu og verklegu námi. Slík vinna takmarkast við störf sem fram koma í viðauka 4.*

*Hafi ungmenni náð 15 ára aldri má hann starfa að þeim verkefnum sem talin eru upp í viðauka 5 A eða við sambærileg störf.*

*Hafi ungmenni náð 16 ára aldri má það starfa að þeim verkefnum sem nefnd eru í viðauka 5 B eða við sambærileg störf. Áður en starf hefst skal gæta ákvæða 4. og 5. gr.*

*Atvinnurekandi skal við ráðningu barna, sem eru undir 15 ára aldri eða þeirra sem eru í skyldunámi, kynna foreldrum eða lögráðamanni ráðningarkjör þar með talið lengd vinnutíma sem og tíðni óhappa og slysa, sem hugsanlega tengjast starfinu, og þær ráðstafanir, sem gerðar eru til að auka öryggi og heilbrigði barna við störf, svo og áhættumat skv. 5. og 6. gr.*

*Leiðbeinendur í vinnuskólum sveitarfélaga skulu hafa fengið sérstakan undirbúning og fræðslu um hlutverk sitt varðandi atriði eins og öryggismál, skyndihjálp og líkamsbeitingu.*

*Þess skal vandlega gætt að nákvæmlega sé farið eftir fyrirmælum um notkun hlífa til öryggis og verndar.*

Samkvæmt tilvitnaðri grein er sveitarfélögum heimilt að bjóða ungmennum 13 ára og eldri upp á létt störf á sumarleyfistíma skóla þegar vinnan er hluti af fræðilegu og verklegu námi. Inntak vinnuskóla hefur einnig verið orðað þannig að með vinnuskóla sé átt við starfsemi á vegum sveitarfélaga þar sem börnum er gefinn kostur á samspili vinnu, þjálfunar og fræðslu í sumarleyfi sínu, sjá gr. 1.4.2 í

kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og almennra stéttarfélaga sem og bæjarstarfsmannafélaga.

Í tilvitnaðri grein eru sett takmörk varðandi þau störf sem fela má ungmennum í vinnuskóla. Takmörk þessi sem miðast við aldur (afmælisdag), sjá 1–3. mgr. Í greininni jafnframt kveðið á um tilteknar skyldur varðandi áhættumat og forvarnir, upplýsingaskyldu, leiðbeinendur í vinnuskólum og öryggishlífar. Umfjöllunin hér á eftir er skipt upp í samræmi við þessa atriði auk umfjöllunar um vinnutíma. Þá er fjallað um launakjör og önnur atriði þeim tengd.

Gera verður skýran greinarmun á því þegar ungmenni eru skráðir nemendur í vinnuskóla og því þegar um er að ræða sumarafleysingar til þeirra starfa sem greiða ber laun fyrir samkvæmt starfsmati. Ungmenni sem sinna sumarafleysingum eiga að taka laun eftir kjarasamningi. Í einstaka tilvikum getur verið réttlætlegt að vinnuskólanemendum séu fengin verkefni sem ekki eru beint á verksviði vinnuskólans. Í þeim tilfellum þarf nemandinn að vera viðbót við þann starfsmannafjölda sem venjulega sinna vinnustaðnum. (Getur verið t.d. einstaklingur með grasofnæmi, sem fundið er starf á bókasafni í stað þess að fylgja hópi sem alla jafna sinnir umhirðu opinna svæða eða rakar grasflatir). Sama á við um starfskynningar.

## Inntak starfa

Í bæklingi VER frá janúar 2000 segir:

*„Hefðbundin störf við garðyrkju- og hreinsunarstörf eru leyfð enda sé um létt og hættulítill störf að ræða. Vélavinna 15 ára og eldri í vinnuskólum takmarkast við vinnu með handsláttuvél og vélorf og er þeim skylt að nota öryggisskó, heyrnarhlífur og andlitshlíf. Önnur vélavinna er bönnuð. Sérstakar kröfur er gerðar til hæfni og þjálfunar verkstjórnenda. Kynna skal foreldrum og forráðamönnum barna og unglunga í vinnuskólum ráðningarkjör og öryggisráðstafanir sem gerðar eru.“*

## Áhættumat og forvarnir

Atvinnurekendur sem ráða ungt fólk til vinnu þurfa að taka tillit til reglugerðar um vinnu barna og unglunga (nr. 426/1999) en reglugerðin tekur til vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri. Þar er kveðið á um að atvinnurekandi skuli gera skriflegt áhættumat á störfum ungmenna og skal matið fara fram áður en ungmennin hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar eru gerðar á starfsskilyrðum.

## Upplýsingaskylda

Við skráningu/ráðningu barna og unglunga í vinnuskóla þarf að gæta að upplýsingaskyldu gagnvart foreldrum og forráðamönnum að því er varðar ráðningarkjör, lengd vinnutíma og einnig tíðni óhappa og slysa sem hugsanlega tengjast starfinu. Einnig þarf að kynna niðurstöður áhættumats og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að auka öryggi vinnuskólanemenda og tryggja þeim heilbrigði við störf. Upplýsingaskyldan nær til foreldra og forráðamanna barna undir 15 ára aldri og þeirra sem eru í skyldunámi. Hún á því almennt ekki við um árganginn sem er nýbúinn með 10. bekk grunnskóla. Sjá nánar 4. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 426/1999.

## Leiðbeinendur – flokkstjórar

Þeir sem sjá um verkstjórn í vinnuskólum (stundum kallaðir flokkstjórar eða leiðbeinendur) skulu hafa fengið sérstakan undirbúning og fræðslu um hlutverk sitt varðandi atriði eins og öryggismál, skyndihjálp og líkamsbeitingu, sbr. 5. mgr. 26. gr. reglugerðar um vinnu barna og unglunga.

Til þess að auðvelda sveitarfélögum að rækja þessar skyldur sínar hefur Sveitamennt<sup>1</sup> ákveðið að leita til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins með að setja saman námskrá fyrir flokkstjóra vinnuskólana. Stefnt er að því að námskeið samkvæmt slíkri námskrá verði í boði á hverju vori í samtarfi við símenntunarmiðstöðvar á landinu.

Áður en gengið er frá ráðningum í störf flokkstjóra þurfa yfirmenn að afla upplýsinga úr sakaskrá um það hvort þeir einstaklingar sem til stendur að ráða uppfylli þau skilyrði æskulýðslaga að hafi aldrei hlotið refsíðoma fyrir kynferðisbrot og ekki hlotið refsíðóm fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalögum á síðastliðnum fimm árum. Hlutaðeigandi einstaklingar þurfa að samþykkja slíka upplýsingaöflun hver fyrir sig. Sjá nánar 3.–4. mgr. 10. gr. æskulýðslaga sem hljóðar svo:

*„Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum, sem 2. gr. tekur til og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra [hegningarlaga, nr. 19/1940](#). Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsíðóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.*

*Yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótt- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn og ungmenni koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, og 2. gr. tekur til, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota sem 3. mgr. tekur til, að fengnu samþykki hans.“*

Útbúið hefur verið sérstakt eyðublað fyrir samþykki viðkomandi fyrir upplýsingaöflun um hann úr sakaskrá vegna ráðningar í æskulýðsstarf á vegum sveitarfélags., sjá vefsíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga (<http://www.samband.is/verkefni/kjara--og-starfsmannamal/frettabref-og-utgafa-um-kjaramal/>)

### Fræðsla og tómstundir

Nemendum verði boðin fræðsla þar sem komi fram markmið og áherslur í starfsemi vinnuskólans. Einnig verði nemendum kynnt öryggismál, skyndihjálp og líkamsbeiting. Áhersla verði lögð á að byggja upp virðingu hjá nemendum og leiðbeinendum vinnuskólans fyrir mikilvægi og verðmæti starfa þeirra. Þar verði veitt margs konar fræðsla í samvinnu við ýmsa aðila svo sem stéttarfélög, vinnueftirlit, íþróttafélög, stofnanir eða forvarnarfræðsla svo dæmi séu tekin. Eðlilegt er að námsefni vinnuskólans, samanstandi af þessum þrem þáttum: Fræðsla tómstundir og vinna. Samsetning námskrár og hlutfall þessara þátta fari eftir aldri, getu og áhuga nemendanna.

<sup>1</sup> Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður Starfsgreinasambands Íslands (SGS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

## Vinnutími

Við skipulagningu á vinnu nemenda í vinnuskólum þarf að gæta að sérstökum reglum um vinnutíma barna og unglinga samkvæmt X. kafla vinnuverndarlaga og reglugerðar um vinnu barna og unglinga, sjá VII. kafla um vinnutíma 13–15 ára barna eða þeirra sem eru í skyldunámi og IV. kafla um vinnutíma unglinga. Helstu reglurnar eru um daglegan og vikulegan hámarksvinnutíma, lágmarkshvöld á sólarhring og viku sem og daglegt 30 mínútna hlé ef daglegur virkur vinnutími barns/unglings er lengri en fjórir tímar.

Vinnutímareglurnar miðast við tiltekinn aldur (afmælisdag), þ.e. 13–14 ára, 15 ára eða í skyldunámi og 15–17 (ekki í skyldunámi). Megininntak þessara reglna hefur verið sett fram með eftirfarandi hætti í leiðbeiningarefni Vinnueftirlitsins.

Almennar reglur um vinnutíma ungmenna	13–14 ára	15 ára í skyldunámi	15–17
Á starfstíma skóla	2 klst. á dag 12 klst. á viku	2 klst. á dag 12 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku
Utan starfstíma skóla	7 klst. á dag 35 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku
Vinna bönnuð	Kl. 20–06	Kl. 20–06	Kl. 22–06
Hvöld	14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku	14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku	12 klst. á sólarhring 2 dagar á viku

Skipulagið í vinnuskólum varðandi vinnumagn og vinnutíma miðast jafnan við árganginn en ekki afmælisdag nemenda. Árgangarnir eru jafnan þrír, þ.e. þeir sem hafa setið/lokið 8., 9. og 10. bekk grunnskóla. Ungmennir í hverjum árgangi eru því almennt á aldursbilinu 13-14 ára, 14-15 ára og 15-16 ára. Sé ætlunin að hafa sama vinnutímaskipulag fyrir hvern árgang fyrir sig þarf að miða vinnutímareglurnar við þá sem ekki eru búnir að eiga afmæli á árinu, þ.e. 13 ára, 14 ára og 15 ára. Miðað við slíkar forsendur er megininntak reglnanna með eftirfarandi hætti.

Vinnutími vinnuskóla miðað við árgang	8. bekkur (14 á árinu) 13 ára viðmið	9. bekkur (15 á árinu) 14 ára viðmið	10. bekkur (16 á árinu) 15 ára viðmið
Daglegur vinnutími	7 klst. á dag 35 klst. á viku	7 klst. á dag 35 klst. á viku	8 klst. á dag 40 klst. á viku
Vinna bönnuð	Kl. 20–06	Kl. 20–06	Kl. 22–06
Hvöld	14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku	14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku	14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku

## Launakjör og önnur tengd atriði

Vinnuskólar eru undanþegnir gildisviði kjarasamninga<sup>2</sup>. Af því leiðir að kauptaxti og flest önnur kjaraleg atriði eru ákvörðuð af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum sem og vinnumagn sem í boði er.

Við afgreiðslu launa þarf jafnframt að gæta að ýmsum almennum reglum og lögum t.d. varðandi skatta og lífeyrissjóði. Fjallað er um þessi atriði hér á eftir ásamt ýmsu hagnýtu.

- **Kauptaxtinn** er jafnan í formi tímakaups auk orlofslauna. Tímakaupið er mishátt eftir aldri/árgangi nemenda og misjafnt eftir sveitarfélögum.
- **Orlofsréttur** fer samkvæmt lögum um orlof nr. 30/1987. Þar er í 7. gr. kveðið á um 10,17% lágmarks orlofslaunahlutfall og fjallað um uppgjör þess<sup>3</sup>. Hægt er að standa skil á orlofslaunum með líkum hætti og gert er gagnvart tímakaupsfólki almennt, þ.e. með greiðslu orlofsfé á sérstaka orlofsreikninga eða greiða orlofslaunin jafnóðum en þá þarf að gæta að viðkomandi séu upplýstir um það og aðgreina það sértaklega í launakerfinu og á tilgreina á launaseðli.
- **Tryggingar** vegna slysa barna/unglinga/ungmenna í vinnuskólanum eru með ólíkum hætti, enda gilda engar ákveðnar reglur um þær. Dæmi eru um að svonefnda nemendatryggingu, sveitarstjórnartryggingu eða hefðbundna launþegatryggingu.

Ef hefðbundin launþegatrygging<sup>4</sup> er keypt þá verður að telja rétt að undanskilja frítímatryggingu og tryggja þannig með sama hætti og almennt tíðkast á vinnumarkaði.

- **Matar- og kaffitíma og önnur hlé** þarf að skipuleggja fyrir börn/unglinga/ungmenni í vinnuskóla. Engar ákveðnar reglur gilda í þessum efnum fyrir utan þær sem er að finna um hvíld í vinnuverndarlögum og reglum settar skv. þeim
- **Veikindi** Um veikindi gilda almenn ákvæði laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.
- **Skattur** af launatekjum barna/unglinga/ungmenna í vinnuskóla fer eftir lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Skatturinn er misjafn eftir aldursári nemenda í vinnuskóla.
  - Ungmenni frá og með 16. aldursári greiða skatt með hefðbundnum hætti líkt og launafólk að teknu tilliti til persónuafsláttar<sup>5</sup>. Ungmennin fá í byrjun 16. aldursárs sent heim skattkort sem veitir rétt til staðgreiðsluafsláttar (persónuafsláttar) á staðgreiðsluárinu. Persónuafsláttur er kr. 48.485.-á mánuði vegna ársins 2013 og tekjuskatturinn er þrepaskiptur.
  - Börn og ungmenni sem ná ekki 16 ára aldri á almanakstárinu greiða 6% skatt án persónuafsláttar af tekjum sínum um umfram svonefnt frítekjumark sem er 100.745 kr. vegna ársins 2013<sup>6</sup>.

<sup>2</sup> Sjá gr. 1.4.4 í kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands sem og bæjarstarfsmannafélaga.

<sup>3</sup> Þar kemur fram í 2. mgr. sú almenna regla að orlofslaun fyrir hvert launatímabil séu reiknað yfir í dagvinnutíma og skráð sérstaklega á launaseðil við hverja launaafgreiðslu (og þá væntanlega greidd út við starfslok). Í 4. mgr. er heimildarákvæði fyrir þeirri framkvæmd sem þekkist í kjarasamningum, t.d. varðandi greiðslu orlofsfjár.

<sup>4</sup> Með þeim er slysatryggt vegna dauða og varanlegrar örorku.

<sup>5</sup> Sjá . 6. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 og 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

<sup>6</sup> Þessi 6% skattur samanstendur af 4% tekjuskatti skv. 2. mgr. 66. gr. laga um tekjuskatt og 2% útsvari skv. 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

- **Tryggingagjald** er sérstakt gjald sem launagreiðendum ber að greiða af greiddum vinnulaunum samkvæmt lögum um tryggingargjald nr. 113/1990. Stofn til tryggingargjalds eru allar tegundir launa eða þóknana, hverju nafni sem nefnist, sem skattskyldar eru að frátöldum þeim sem talar eru upp í 9. gr. laganna. Laungreiðslur barna/unglinga/ungmenna í vinnuskóla eru ekki meðal þeirra sem undanþegnar eru tryggingargjald.
  - Sveitarfélögum ber að greiða tryggingargjald af vinnuskólalaunum barna/unglinga/ungmenna.
  - Tryggingagjald o.fl. til staðgreiðslu er 7,69% vegna ársins 2013
- **Skyldutrygging lífeyrisréttinda** á við samkvæmt lögum nr. 129/1997 um alla launamenn frá og með 16 ára aldri (næstu mánaðamót eftir afmæli), þar með talið ungmenni í vinnuskóla sem náð hafa þessum aldri. Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skal vera a.m.k. 12% af iðgjaldsstofni, þ.e. öllum tegundum launa og þóknana sem eru skattskyld.
- **Önnur launatengd gjöld** Um greiðslu 0,13% iðgjalds til Starfsendurhæfingarsjóðs vegna þeirra sem náð hafa 16 ára aldri fer líkt og gildir um skyldutryggingu lífeyrisréttinda<sup>7</sup>.
- **Útborgun launa – launaseðill** Útborgun launa skal fara fram 1. virka dags hvers mánaðar. Við greiðslu launa til nemanda í vinnuskóla á hann rétt á að fá launaseðil merktan nafni sínu. Á launaseðli skal tilgreint, það tímabil sem greiðslan tekur til, tímalaun, fjöldi vinnustunda, orlofslaun og sundurliðun einstakra tekna og frádráttarliða, sem leiða til útgreiddrar launafjárhæðar.

---

<sup>7</sup> Sbr 5. gr. laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.



## Áhugavert efni

Um fjöllum VER um reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga.

[http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/fraedsluefni/born\\_og\\_unglingar/helstu\\_ahersluatr\\_og\\_nymaeli\\_i\\_geglug\\_nr\\_426\\_1999\\_um\\_vinnu\\_barna\\_og\\_ungl.pdf](http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/fraedsluefni/born_og_unglingar/helstu_ahersluatr_og_nymaeli_i_geglug_nr_426_1999_um_vinnu_barna_og_ungl.pdf)

Um fjöllum VER um áhættumat á vinnu barna og ungmenna.

[http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/is/gagnabrunnur/evropskar\\_vinnuverndarvikur/vinnuverndarvikan\\_2006/ungmenni\\_a\\_vinumarkadi\\_-\\_krafa\\_um\\_ahaettumat/](http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/is/gagnabrunnur/evropskar_vinnuverndarvikur/vinnuverndarvikan_2006/ungmenni_a_vinumarkadi_-_krafa_um_ahaettumat/)

Um fjöllum VER (Örugg frá upphafi) – upplýsingar fyrir atvinnurekendur og stjórnendur.

<http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/fraedsluefni/baeklingar/atvinnurekendur.pdf>

Um fjöllum VER (Örugg frá upphafi) – upplýsingar fyrir ungt fólk á vinnumarkaði.

[http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/fraedsluefni/baeklingar/ungt\\_folk.pdf](http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/fraedsluefni/baeklingar/ungt_folk.pdf)

Á heimasíðu VER er að finna leiðbeiningar og annað efni varðandi vinnu barna og unglunga á slóðinni.

[http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/is/born\\_og\\_unglingar/](http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/is/born_og_unglingar/)